



Grunnskólinn í Stykkishólmi

Sjálfsmatsskýrsla

júní 2017

Gleði – Samvinna – Sjálfstæði



Skólaárið 2016-2017

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
1.1. Bakgrunnsupplýsingar	3
1.2. Lýsing á skólaaðstæðum.....	3
1.2.1. Starfsfólk og nemendur	3
1.2.2. Skólahúsnaði	3
1.2.3. Búnaður	3
1.2.5. Kennsluhættir og starfið í skólanum	3
1.2.6. Ytri tengsl.....	4
1.2.7. Námsmat	4
1.2.8. Próf og skimanir.....	4
1.2.9. Starfsmannafræðsla	5
1.2.10. Stjórnun	6
2. Skólastefna	6
2.1. Uppeldi nám og kennsla	6
2.2. Framtíðarsýn.....	6
2.3. Skóli, samfélag og umhverfi	6
2. Sjálfsmat Grunnskólans í Stykkishólmi	7
3. Sjálfsmat skólaárið 2016-2017	7
4. Niðurstöður og umbótaáætlanir	8
4.1. Samræmd könnunarpróf.....	8
4.2. Læsi.....	10
4.3. Skimanir á vegum FSSF	14
4.4. Þróunarverkefni í Grunnskólanum í Stykkishólmi	14
4.4.1. Byrjendalæsi	14
4.4.2. Teymiskennsla	15
4.4.3. Læsisstefna	15
4.4.4. Eineltisstefna Stykkishólmsbæjar	16
4.4.5. Uppeldi til ábyrgðar.....	16
5. Skólapúlsinn.....	16
5.1. Nemendakönnun.....	16
5.3. Starfsmannakönnun	20

1. Inngangur

1.1. Bakgrunnsupplýsingar

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995, með áorðnum breytingum, eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, samskipti innan skólans, kennslu- og stjórnunarhætti og tengsl við aðila utan skólans.

1.2. Lýsing á skólaaðstæðum

1.2.1. Starfsfólk og nemendur

Heildarfjöldi starfsmanna sem starfa við skólann er 40. Þar af eru kennarar 18, 14 í heilum stöðum, 3 í hálfum stöðum og einn stundakennari sem kennir 6 tíma. Auk þess sinna deildarstjóri almennrar kennslu og verkefnastjóri sérkennslu að hluta til kennslu.

Nemendafjöldi skólaárið 2016 -2017 var 152.

Bekkjardeildir eru 10 og var samkennsla í vetur í 4. – 5. bekk.

1.2.2. Skólahúsnæði

Skólahúsnæðið er 2210,9 fermetrar á tveimur hæðum með aðgangi að íþróttahúsi og sundlaug í næsta húsi. Auk bekkjarstofa eru textílmenntstofa, heimilisfræðistofa, smíðastofa, myndmenntarstofa, bókasafn, verkefnaver, kaffistofa, vinnuherbergi kennara, skrifstofur stjórnenda, deildastjóra sérkennslu og ritara. Í skólann vantar tónmenntastofu og náttúrufræðistofu. Einnig vantar samkomusal það er yfirleitt leyst með samkomum í anddyri og á efri hæð þar sem hægt er að opna á milil . Heimilisfræðistofa er í óviðunandi húsnæði. Þá vantar aðstöðu fyrir heilsdagsskóla.

1.2.3. Búnaður

Í flestum kennslustofum er skjávarpi. Í vetur voru keyptar 22 fartölvur. Þá á skólinn 24 lpada. Einnig á skólinn ljósritunarvél og prentara og annan þann búnað sem til þarf í skólastarfinu. Á vordögum voru pöntuð ný húsgögn í 4. – 6. bekk. Í vetur var að einhverju leyti endurnýjaður búnaður í heimilisfræðistofu.

1.2.4. Menntun kennara

Skólinn er vel mannaður af réttindakennurum. Nú eru allir kennarar með kennsluréttindi nema tveir sem eru í námi og stefna á útskrift í október 2017. Í gildi er starfsþróunaráætlun sjá hér: <http://grunnskoli.stykkisholmur.is/library/Skrar/Stefnur-og-aaetlanir/Starfs%C3%BEr%C3%B3unar%C3%A1%C3%A6tlun%202017-2018.pdf>

1.2.5. Kennsluhættir og starfið í skólanum

Kennsluhættir eru mestmegnis með hefðbundnu sniði, þ.e. einn kennari (og stuðningsfulltrúar eftir atvikum) kennir einni bekkjardeild í sinni stofu. Bekkirnir fara svo saman í sérgreinatíma sem oft eru skiptitímar. Í íþróttum er í sumum tilfellum samkennsla í tveimur bekkjardeildum. Í vetur var farið í innleiðingu á teymiskennslu. Sjá skýrslu um verkefnið hér: <http://skolastofan.is/throunarverkefni/innleiding-teymiskennslu-i-grunnskolum-a-snaefellsnesi-skolaarid-2016-2017>

Næsta vetur er fyrirhuguð enn meiri teymiskennsla og þá í samhengi við nýtt rými sem skólinn mun fá þar sem verið er að byggja nýtt bókasafn við skólann og flyst skólabókasafnið í þá byggingu.

Verkefnaver/sérkennsluver er nýtt fyrir sér- og stuðningskennslu.

Stuðningur við nám einstakra nemenda við unglingadeild er með þeim hætti að stuðningsfulltrúi/kennaranemi, í samráði við kennara, heldur utan um nám nemendanna (þ.e. utanumhald og eftirfylgni), metur með kennurum og viðkomandi nemendum hvort létta eigi námsefni, skráir niður jafnóðum mögulega námsmatsþætti (í samræmi við námsefni og áherslur). Hlutverk hans er einnig að hvetja og veita aðhald og uppbyggingu

Skóli án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám er leiðarljós kennara við skólann. Hver nemandi stundar nám sitt á þann hátt sem talinn er vænlegastur fyrir hann, þar sem reynt er að koma til móts við sérþarfir hvers og eins, hvort sem þær kalla á aukið námsframboð og námsefni eða einföldun á námsefni. Boðið er upp á nokkrar leiðir, allt frá því að stunda námið með sínum bekkjarfélögum, með eða án tilhliðrana og upp í það að vinna í sérdeild (Verkefnaveri) að hluta eða mestu leyti. Einnig er horft til sterkra hliða nemenda sem þurfa á tilhliðrun að halda og er þeim í einstaka tilfellum boðið upp á að starfa sem aðstoðarmenn í verklegum greinum, ef styrkleikar þeirra og áhugi liggur þar.

Nemendaverndarráð á að funda mánaðarlega og við sérstakar boðanir. Það hefur ekki alveg gengið eftir í vetur en stefnan er að bæta úr því á næsta skólaári. Í Nemendaverndarráði sitja skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, kennslu- og námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi kennara. Til umfjöllunar eru mál sem snúa að velferð nemenda.

1.2.6. Ytri tengsl

Gott samstarf er við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Skólinn býður upp á heimsóknir fyrir nemendur í 10. bekk ásamt því sem námsráðgjafi og skólameistari koma á staðinn og kynna skólann. Gott samstarf er við starfsbraut skólans vegna aðlögunar fatlaðra nemenda og undirbúning þeirra til að stunda nám sitt þar.

Gott samstarf er við Leikskólann í Stykkishólmi. Nemendaheimsóknir eru á báða bóga og vorskóli fyrir tilvonandi grunnskólanemendur er haldinn fyrir leikskólabörn að vori.

Gott samstarf er við Tónlistarskólann í Stykkishólmi. Hluti tónlistarskólanemenda fer í hljóðfæranámskennslustundir á starfstíma grunnskólans. Nemendur í 9. og 10. bekk geta fengið tónlistarnám sitt metið sem valfag.

1.2.7. Námsmat

Skólinn hefur í æ ríkari mæli verið að færa sig yfir í símat og lagt þar með minni áherslu á formleg próf. Áfanga- og lokapróf eru þó tekin í flestum námsgreinum og eru nemendur smám saman æfðir í að taka próf og venjast hefðbundnum prófaðstæðum.

1.2.8. Próf og skimanir

Árlega eru lögð fyrir próf og skimanir til þess að fylgjast með hvort nemendur taki eðlilegum framförum í lestri. Niðurstöður námsmats og skimana á ávallt að skoða með það að

markmiði að meta hvort bregðast þurfi á einn eða annan hátt við árangri nemenda í lestri, jafnt einstaklinga sem hópa. Að auki á að nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa í íslensku (hlustun, lesskilningur og ritun) til að meta lestrarfærni nemenda.

Leshraðapróf, hljóðlestur og/eða raddlestur, eru lögð reglulega fyrir alla nemendur. Nemendur sem víkja verulega frá viðmiðum skólans fá sérstaka lestrarátaksáætlun í samráði við sérkennara til að vinna eftir í samvinnu við heimili. Að því loknu er leshraði metinn á ný og ákvörðun tekin um framhaldið. Lesskilnings- og stafsetningarpróf á að leggja fyrir við annaskipti.

Bregðast á við þegar nemendur sýna slaka færni miðað við meðaltal aldurshóps síns og viðmið skólans um árangur. Skipuleggja þarf og bjóða þeim nemendum sérstakan stuðning eða sérkennslu ýmist til lengri tíma eða tímabundið. Leita á eftir samvinnu við heimilin um þjálfun í færniþáttum læsis þar sem bestur árangur næst ef unnið er jafnhliða að þjálfuninni á heimili nemenda og í skólanum.

TOLD 2P og 2I málproskapróf (staðlað próf) sem talmeinafræðingur leggur fyrir nemendur. Prófið metur m.a. málproska, málskilning og máltjáningu. Mat á lestrargetu: Prófið metur m.a. lestur á orðum og texta og þekkingu á stöfum og hljóðum.

GRP10 (staðlað próf). Prófið er greinandi ritmálspróf í lestri og stafsetningu fyrir 10 ára börn. Það metur m.a. leshraða, lestrarnákvæmni, lestraröryggi, tegund villna í lestri og stafsetningu, umskráningu, skammtímaminni og hljóðkerfisvitund. Kennslu- og námsráðgjafi leggur prófið fyrir nemendur í 5. bekk að hausti.

GRP14 (staðlað próf). Prófið er greinandi ritmálspróf í lestri og stafsetningu fyrir 14 ára börn. Það metur m.a. leshraða, lestrarnákvæmni, lestraröryggi, tegund villna í lestri og stafsetningu, umskráningu, skammtímaminni og hljóðkerfisvitund. Kennslu- og námsráðgjafi leggur prófið fyrir nemendur í 8. bekk að vori.

1.2.9. Starfsmannafræðsla

Starfsfólk hittist á reglulegum kennara-, starfsmanna-, og árgangafundum

Í vetur var unnið að innleiðingu á Teymiskennslu með dr. Ingvari Sigurgeirssyni í samstarfi við aðra skóla á Snæfellsnesi. Haldið var uppgjör þann 26. apríl. Sjá krækju í skýrslu hér að ofan.

Menntabúðir Vesturlands hafa verið haldnar reglulega í allan vetur og hafa skólarnir á svæðinu skiptst á að hýsa búðirnar.

Inga Stefánsdóttir skólasálfræðingur hélt fyrirlestur um kvíða barna og ungmenna fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra.

María Hildipórsdóttir sérkennsluráðgjafi hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga var með kynningu fyrir allt starfsfólk.

Farið var í námsferð til Toronto í október 2016. Þar heimsótti starfsfólk skóla og fóru á námskeið í Uppbyggingarstefnunni.

1.2.10. Stjórnun

Reglulegir kennara- og starfsmannafundir eru vettvangur stjórnenda til að miðla upplýsingum til starfsfólks og kalla eftir viðbrögðum.

Skólastjóri sendir mánaðarlega út punkta til allra starfsmanna þar sem upplýsingar eru um viðburði mánaðarins.

Skólastjórnendur senda vikulega út foreldrabréf þar sem farið er yfir liðna viku og hnykkt á áherslupáttum.

Tölvupóstur er vettvangur sem er nýttur til samskipta og frekari upplýsingar ásamt upplýsingatöflum á kaffistofu starfsfólks.

2. Skólastefna

2.1. Uppeldi nám og kennsla

Skólarnir í Stykkishólmsbæ starfa eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og leggja grunnþætti menntunar, eins og þeir eru skilgreindir í námskrá, (Aðalnámskrá leikskóla 2008 og Aðalnámskrá grunnskóla 2008) til grundvallar í starfi sínu. Starfsfólk skólanna leggur áherslu á fjölbreyttar aðferðir og nálganir í skóla- og uppeldisstarfi til að auka líkur á að komið sé til móts við þarfir sem flestra barna. Lögð er áhersla á hollustu, hreyfingu og góðar starfsvenjur. Á næstu árum verður m.a. unnið að þessum verkefnum:

2.2. Framtíðarsýn

Markmið bæjarins er að eiga skóla og tómstundastarf sem einkennist af fjölbreyttu og skapandi starfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum af metnaði. Vellíðan barna og starfsfólks, einstaklingsmiðað nám og góður námsárangur skal vera í fyrirrúmi. Þá skal efla samstarf innan og á milli skólanna, í æskulýðs- og íþróttastarfi, við samfélagið og heimilin. Áhersla er lögð á fagmennsku, góðar starfsaðstæður, gagnkvæma virðingu, jafnrétti, mannréttindi og lýðræðislega starfshætti.

2.3. Skóli, samfélag og umhverfi

Eitt af forgangsverkefnum nýrrar skólastefnu er aukin áhersla á að tengja nám og samfélag (tenging við daglegt líf, atvinnulíf, náttúru og umhverfi, starfsnám, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, vinnustaði og söfn, náttúruskoðun). Þá verði skipulega unnið að því að gera skólastarfið sýnilegra.

- Rækt verði lögð við að efla þekkingu og skilning nemenda á sögu og umhverfi Stykkishólms; atvinnulífi, mannlífi og náttúru.
- Þess sé gætt að verkefni sem snerta sjálfbærni og umhverfisvernd skipi fastan sess í skólastarfinu.
- Samstarf við foreldra og heimili verði eflt og aukin áhersla lögð á þátttöku foreldra í starfinu (einnig að foreldrar kynni störf sín og taki þátt í þemadögum og foreldrafundum verði komið á í Tónlistarskólanum).
- Stefnt er að auknu samstarfi skólabarnanna og eldri borgara, m.a. með verkefnum þar sem kynslóðirnar hittast og miðla og kenna hvor annarri.

- Kynning á skólastarfinu í Stykkishólmi verði aukin og starfið gert sýnilegra.
 - Heimasíður verði reglulega uppfærðar og áhersla lögð á að veita innsýn í innra starf skólanna og tómstundastarfsins. Skólastarf verði sýnilegra á heimasíðu Stykkishólms.
 - Séð verði til þess að skóla- og tómstundastarfið sé reglulega til umfjöllunar á heimasíðu bæjarins og viðburðir kynntir.
 - Verk barnanna verði til sýnis á fjölförnum stöðum í bænum.
- Starfskynningar verði fastur liður í skólastarfinu.
- Ráðist verði í átak sem beinist að því að efla skilning foreldra og annarra íbúa á mikilvægi leikskólastigsins fyrir uppeldi, þroska og námsárangur.
- Leitast verði við að tengja skólastarf viðburðum í bænum (t.d. friðargöngu, áramótabrennu, sjómannadag og 17. júní).

Einkunnarorð Grunnskólans í Stykkishólmi eru **gleði, samvinna og sjálfstæði**.

2. Sjálfsmat Grunnskólans í Stykkishólmi

Stefna okkar er sú að skólamatið skili okkur upplýsingum, gögnum og niðurstöðum sem sýni okkur styrkleika og veikleika skólastarfsins. Á þeim grunni eru umbótaáætlanir unnar til þess að taka á veikleikum og jafnframt styrkja í sessi það sem gott er.

Í upphafi skólaársins var sameiginlegu verkefni leik- og grunnskóla um mótun læsisstefnu Stykkishólmsbæjar hrundið af stað. Tónlistarskóli Stykkishólms átti einnig aðkomu að verkefninu. Til stóð að klára stefnuna á vordögum. Það náðist ekki svo því verður fram haldið strax í haust.

3. Sjálfsmat skólaárið 2016-2017

Hér fyrir neðan er tafla um þá þætti sem metnir eru í sjálfsmati skólans.

Hvað	Hvenær	Hvernig
Samræmd könnunarpróf	Árlega	Námsmatsstofnun
Læsi	Allt árið	Grunnskólinn í Stykkishólmi
Læsisstefna GSS	2016-2017	Læsissteymi
Læsi skimunarpróf	nóvember og febrúar	Miðstöð skólaþróunar HA
Nemendakönnun	Árlega	Skólapúlsinn

Foreldrakönnun	Árlega	Í ár var send út könnun á vegum stjórnenda
Starfsmannakönnun	Apríl	Teymi um uppeldi til ábyrgðar lagði fyrir könnun um Uppbyggingarstefnuna
Könnun á meðal kennara	Mars	Könnun sem vinnuhópur um Vegvísir – umbótaáætlun vegna bókar 1 í kjarasamningum kennara *

*Umbótaáætlunina má sjá hér aftar í skýrslunni


4. Niðurstöður og umbótaáætlanir

4.1. Samræmd könnunarpróf


Samræmd könnunarpróf eru þreytt ár hvert í 4., 7. og 10. bekk. Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum gefa sterklega til kynna stöðu nemandans, styrkleika og veikleika. Notast er við normaldreifða einkunn á bilinu 1 – 60 (meðaltal 30). Markmið skólans er að ná meðaltali og helst að vera yfir því.


Hér fyrir neðan má sjá samantekt á niðurstöðum á árunum 2014 – 2016 fyrir 4. og 7. bekk. Þegar þetta er skrifað hafa ekki borist normaldreifðar einkunnir hjá 10. bekk fyrir 2016. Nú eru einkunnir í 10. bekk gefnar í bókstöfum.

4. bekkur
Normaldreifðar einkunnir
2014-2016



7. bekkur
Normaldreifðar einkunnir
2014-2016





Umbótaáætlun

Á súluritunum hér fyrir ofan má líta á niðurstöður samræmdra könnunarprófa frá árunum 2014 – 2016 í 4. og 7. bekk og frá árunum 2015 og 2015 í 10. bekk.

Sú nýbreytni verður tekin upp á næsta skólaári að þá verða stærðfræðikennarar í teymiskennslu í 5. – 7. bekk og 8. – 10. bekk. Með því teljum við að það muni verða betra flæði í stærðfræðikennslunni. Sama mun verða uppi á teningnum í íslensku.

4.2. Læsi

Á heimilum barnanna er lagður grunnur að læsi þeirra og sá áhugi sem þar er sýndur á lestri er mikilvægur fyrir lestraráhuga þeirra og allt nám. Hlutverk foreldra er því mikilvægt í lestrarnáminu.

Árlega eru lögð fyrir próf og skimanir til þess að fylgjast með hvort nemendur taki eðlilegum framförum í lestri. Niðurstöður námsmats og skimana á ávallt að skoða með það að markmiði að meta hvort bregðast þurfi á einn eða annan hátt við árangri nemenda í lestri, jafnt einstaklinga sem hópa.

Hér að neðan má sjá lista yfir próf og skimanir:

	1. bekkur	Hver leggur fyrir?
skólaárið	Stafakannanir, eftir þörfum	Umsjónarkennari
	Hraðlestraræfingar, lagt fyrir nemendur sem komnir eru af stað í lestri	Verkefnastjóri sérkennslu
nóvember	Tove og Krogh - hópverkefni	Elmar talm.fr.
	Læsi skimunarpróf I	Umsjónarkennari/Miðstöð skólaþróunar HÍ
febrúar	Læsi skimunarpróf II	Umsjónarkennari/Miðstöð skólaþróunar HÍ
apríl	Lesmál – mat á lestri og réttitun	Umsjónarkennari/Miðstöð skólaþróunar HÍ
maí	Raddlestarpróf MP	Verkefnastjóri sérkennslu

	2. bekkur	Hver leggur fyrir?
Skólaárið	Hraðlestraræfingar, einu sinni í mánuði (gömlu prófin)	Verkefnastjóri sérkennslu
Við lok hvernna annar	Raddlestrarpróf MP (sett á einkunnarspjald)	Verkefnastjóri sérkennslu
nóvember	Læsi skimunarpróf I	Umsjónarkennari/Miðstöð skólaþróunar HÍ
febrúar	Læsi skimunarpróf II	Umsjónarkennari/Miðstöð skólaþróunar HÍ
apríl	Lesmál, mat á lestri og réttitun	Umsjónarkennari/Miðstöð skólaþróunar HÍ

	3. bekkur	Hver leggur fyrir?
Skólaárið	Hraðlestraræfingar, einu sinni í mánuði (gömlu prófin)	Verkefnastjóri sérkennslu
Við lok hvernna annar	Raddlestrarpróf MP (sett á einkunnarspjald)	Verkefnastjóri sérkennslu

Annarlok miðannar	Lesskilningspróf 3.1. Orðarún	Umsjónarkennari
Annarlok vorannar	Lesskilningspróf 3.2. Orðarún	Umsjónarkennari

	4. bekkur	Hver leggur fyrir?
Skólaárið	Hraðlestraræfingar, einu sinni í mánuði (gömlu prófin)	Verkefnastjóri sérkennslu
Við lok hvernar annar	Raddlestrarpróf MÞ (sett á einkunnarspjald)	Verkefnastjóri sérkennslu
október	Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði	Umsjónarkennari
Annarlok miðannar	Lesskilningspróf 4.1. Orðarún	Umsjónarkennari
Annarlok vorannar	Lesskilningspróf 4.2. Orðarún	Umsjónarkennari

	5. bekkur	Hver leggur fyrir?
Skólaárið	Hraðlestraræfingar, eftir þörfum (gömlu prófin)	Verkefnastjóri sérkennslu
Við lok hvernar annar	Raddlestrarpróf MÞ (sett á einkunnarspjald)	Verkefnastjóri sérkennslu
október	GRP-10 Greinandi ritmálspróf. Lagt fyrir á nemendur sem sýna hæga framþróun í lestrargetu, að mati kennara og foreldra.	Sérkennari
Annarlok miðannar	Lesskilningspróf 5.1. Orðarún	Umsjónarkennari
Annarlok vorannar	Lesskilningspróf 5.2. Orðarún	Umsjónarkennari

	6. bekkur	Hver leggur fyrir?
--	-----------	--------------------

Við lok hvernna annar	Raddlestrarpróf MÞ (sett á einkunnarspjald)	Verkefnastjóri sérkennslu
Annarlok miðannar	Lesskilningspróf 6.1. Orðarún	Umsjónarkennari
Annarlok vorannar	Lesskilningspróf 6.2. Orðarún	Umsjónarkennari

	7. bekkur	Hver leggur fyrir?
Við lok hvernna annar	Raddlestrarpróf MÞ (sett á einkunnarspjald þar til 250 atkv. er náð á mín.)	Verkefnastjóri sérkennslu
október	Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði	Greinakennarar
Annarlok miðannar	Lesskilningspróf 7.1. Orðarún	Íslenskukennari
Annarlok vorannar	Lesskilningspróf 7.2. Orðarún	Íslenskukennari

	8. bekkur	Hver leggur fyrir?
Við lok hvernna annar	Raddlestrarpróf MÞ (sett á einkunnarspjald þar til 250 atkv. er náð á mín.)	Verkefnastjóri sérkennslu
Annarlok miðannar	Lesskilningspróf 8.1. Orðarún	Íslenskukennari
Annarlok vorannar	Lesskilningspróf 8.2. Orðarún	Íslenskukennari

	9. bekkur	Hver leggur fyrir?
Við lok hvernna annar	Raddlestrarpróf MP (sett á einkunnarspjald þar til 250 atkv. er náð á mín.)	Verkefnastjóri sérkennslu
október	GRP -14 Greinandi ritmálspróf. Hópfyrirlögn, lagt fyrir alla nemendur, með upplýstu samþykki forráðamanna.	Sérkennari
nóvember	Logos skimun	Sérkennari

	10. bekkur	Hver leggur fyrir?
Við lok hvernna annar	Raddlestrarpróf MP (sett á einkunnarspjald þar til 250 atkv. er náð á mín.)	Verkefnastjóri sérkennslu
október	Samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku	Greinakennarar

4.3. Skimanir á vegum FSSF

Fyrir tveimur árum og þar á undan var starfandi sérkennari hjá Félags- og skólalþjónustu Snæfellinga sem vann skimanirnar GRP 10 og GRP 14. Eins og staðan er núna er enginn starfandi sérkennari hjá FSSF. Skólinn þarf því að sjá sjálfur um að kaupa að þessa þjónustu. Þörf er á að skima fyrir lestrarerfiðleikum með GRP 10, GRP 14 og LOGOS.

4.4. Þróunarverkefni í Grunnskólanum í Stykkishólmi

4.4.1. Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er sú kennsluaðferð sem Grunnskólinn í Stykkishólmi leggur til grundvallar í lestrarkennslu á yngsta stigi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi ætluð yngstu nemendum. Innleiðingarferlið er unnið undir handleiðslu Miðstöðvar skólalþróunar á Akureyri. Þrír kennarar hófu grunnnám og einn kennari í leiðtoganámi. Ásdís Árnadóttir og leiðir hún verkefnið.

Í Byrjendalæsi er unnið með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og lögð áhersla á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og þá gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu. Segja má að Byrjendalæsi leiði af sér bæði fjölbreytni í læsisaðferðum og kennsluháttum.

Uppbygging Byrjendalæsis er í þremur þrepum. Fyrir hverja viku semja kennarar kennsluáætlun sem nær yfir þessi þrjú þrep. Í fyrsta þrepi er gæðatexti lesinn fyrir nemendur, t.d. barnabók, ljóð eða fréttatexti. Í öðru þrepi er unnið með tæknilega þætti sem varða lestrarnám, t.d. stafainnlögn, hljóðvitund, samband stafs og hljóðs eða önnur markmið. Í þriðja þrepi er efni samið út frá upphaflega textanum. Sú vinna getur farið fram sem teikning, hugtakakort, ritaður texti eða leikræn tjáning svo eitthvað sé nefnt.

Við upphaf lestrarnáms er geta nemenda misjöfn. Byrjendalæsi leggur upp úr því að nemendur geti lært hlið við hlið en þó fengið ögrandi verkefni við hæfi hvers og eins í almennri kennslu. Mikið er lagt upp úr félagastuðningi nemenda og því vinna þeir oft í hópum. Lestrarleikir og spil tryggja samskipti þar sem nemendur styðja hver annan og keppa að því að ná árangri. Nemendur eru virkir þátttakendur og námið verður skemmtilegra.

4.4.2. Teymiskennsla

Skólaárið 2016-2017 vann starfsfólk grunnskólanna á Snæfellsnesi að innleiðingu teymiskennslu. Þátt í verkefninu tóku grunnskólarnir í Grundarfirði, Snæfellsbæ og Stykkishólmi. Ráðgjafi við framkvæmd verkefnisins var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands.

Verkefnið var sett af stað með dagskrá í Grunnskólanum í Ólafsvík 16. ágúst 2016 þar sem fjallað var um þróunarverkefni, skilgreiningar á teymiskennslu og ólíkar leiðir í teymiskennslu, innlendar og erlendar rannsóknir og um skólaþróunartækifæri. Í framhaldi af þessu ræddu þátttakendur eftirfarandi spurningar í hópum eftir skólum: Hvaða sóknarfæri sjáum við? Hvaða spurningar hafa vaknað? Hvaða bjargir þurfum við / höfum við? Sjá nánar um þessa dagskrá á þessari slóð:

<http://skolastofan.is/throunarverkefni/innleidingteymiskennslu-i-grunnskolum-a-snaefellsnesi-skolaarid-2016-2017>

Í öllum skólunum var lögð áhersla á að innleiðing teymiskennslunnar væri að ákvörðun hvers kennara eða kennarahóps. Ráðgjöf var í boði fyrir þá hópa sem það kusu og heimsótti ráðgjafi alla skólana og ræddi við teymin. Efnt var til samkeppni um nafn á verkefnið og fékk það heitið: Göngum í takt. Hugmyndina átti Theódóra Friðbjörnsdóttir, kennari í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Verkefninu lauk með sameiginlegu þingi í Stykkishólmi 26. apríl 2017 þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum og þær ræddar (sjá dagskrá á þessari slóð:

<http://skolastofan.is/uppskeruhatid-verkefnanna-gongu-i-takt-og-saman-getum-vid-meirainnleiding-teymiskennslu>

4.4.3. Læsisstefna

Grunnskólinn í Stykkishólmi hefur unnið læsisstefnu og birt hana á heimasíðu skólans. Í vetur var ákveðið að vinna sameiginlega læsisstefnu fyrir bæði grunn- og leikskóla Stykkishólmsbæjar. Sú vinna er langt komin en náðist ekki að leggja lokahönd á hana.

4.4.4. Eineltisstefna Stykkishólmsbæjar

Í vetur kom upp sú hugmynd að vinna sameiginlega eineltisstefnu fyrir stofnanir Stykkishólmsbæjar. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt að settur verði á laggirnar vinnuhópur sem mun vinna sameiginlega eineltisáætlun fyrir stofnanir Stykkishólmsbæjar.

4.4.5. Uppeldi til ábyrgðar

Grunnskólinn í Stykkishólmi hefur unnið að markvissum hætti síðan árið 20 að því að innleiða uppbyggingarstefnuna í skólann. Sérstakt teymi vinnur efir starfsáætlun sem það setur fyrir hvert skólaár.

Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti og á hún að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga. Stefnan miðar að því að hver og einn taki ábyrgð á gjörðum sínum og læri að þekkja sjálfan sig. Skólinn þarf að setja skýr mörk um hegðun þar sem sýnt er fram á að óæskileg hegðun sé óásættanleg. Þessi skýru mörk skapa öryggi og traust í skólanum og ýta undir þau lífsgildi sem hver og einn setur sér.

Í vetur var farið á námskeið í Uppbyggingarstefnunni til Toronto í Kanada. Þar var Judy Anderson sem er einn af leiðtogum stefnunnar með námskeið fyrir starfsfólk. Einnig var farið í skólaheimsóknir og heimsóttir tveir skólar sem eru framarlega í notkun spjaldtölva. Ætlunin var að fara einnig í skóla sem vinnur með Uppbyggingarstefnuna en því miður datt hann úr skaftinu. Ekki var um annan slíkan skóla að ræða á svæðinu.


5. Skólapúlsinn

Grunnskólinn í Stykkishólmi hefur nýtt sér Skólapúlsinn frá árinu 2014 í nemendakönnunum og foreldrakönnunum. Þessar kannanir eru mikilvægt verkfæri í sjálfsmati skólans. Niðurstöður þeirra sýna viðhorf nemenda og foreldra í samanburði við landsmeðaltal. Í ár var ekki lögð fyrir foreldrakönnun Skólapúlsins. Ástæðan var sú að lögð var fyrir könnun á vegum stjórnenda til þess að fá fram skoðanir foreldra/forráðamanna á vetrarfríum, foreldraviðtölum, tímasetningu jólafondurs, upplýsingagjöf skólans og hvort foreldrum/forráðamönnum finnst þeir fá nægileg tækifæri til þess að upplifa skólastarfið. Hér mér finna krækju inn á könnunina:


<https://docs.google.com/forms/d/1OzAiLDQzK9xunq7iXEBGVqyXd9mJxcXGIEfwPcRw20/edit#responses>

5.1. Nemendakönnun


Í nemendakönnun eru kannaðir þrjú yfirþættir, þ.e. Virkni nemenda í skólanum, Líðan og heilsa og Skóla- og bekkjarandi.



Á töflunni hér fyrir ofan má sjá að nemendur Grunnskólans í Stykkishólmi eru fyrir ofan landsmeðaltal í ánægju af lestri og áhuga á stærðfræði. Þá eru þeir á pari í þrautsegju í námi. Ánægja af náttúrufræði er eilítið undir landsmeðaltali sem og trú á eigin getu. Þar er verk að vinna.



Á töflunni hér fyrir ofan má sjá að sjálfssálit nemenda í Grunnskólanum í Stykkishólmi er á pari við landsmeðaltal. Hins vegar er vellíðan og stjórn á eigin lífi undir landsmeðaltali. Þá hreyfa nemendur skólans sig minna en landsmeðaltal segir til um og einelti er yfir landsmeðaltali. Þar þarf að gera bragarbót á.



Eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan er samsömun við nemendahópinn og samband nemenda undir landsmeðaltali. Þá má segja að virkni þátttaka nemenda sé á pari við landsmeðaltal. Hins vegar er agi í tímum og mikilvægi heimanáms meiri en á landsvísu.

5.3. Starfsmannakönnun

Þetta skólaárið var ekki lögð fyrir hefðbundin starfsmannakönnun. Það eru tvær ástæður fyrir því. Önnur er sú að eins og í öðrum skólum var farið í umbótáætlunarvinnu vegna Bókunar 1 í kjarasamningum kennara. Þá var ákveðið að leggja fyrir könnun vegna

Uppbyggingarstefnunnar. Hér er krækja inn á niðurstöður:

<https://docs.google.com/forms/d/1Um70kDuJSvQ0qXPgiddnnbT0prooY8okRqCdb2MeZHQ/edit#responses>

Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður könnunar meðal kennara vegna bókunar 1.

1. Stjórnun og skipulag			
Könnun	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Skipulag starfspróunar	Kynna og ræða núverandi Starfspróunaráætlun	Maí 2017	Skólastjóri
Fundir – of margir	Fundum fækkað. Kennarar senda uppl. til Verkefnastjóri sérkennslu sem deildir þeim til foreldra	Nýtt skipulag komið á fyrir veturinn 2017-2018	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri Deildarstjóri sérkennslu
Verkaskipting	Starfslýsingar sýnilegar.	Ágúst 2017	Skólastjórnendur.
Endurmenntun	Ný áætlun kynnt	17. maí - kennarafundur	Stjórnendur.
Hópaskiptingar: Verkgreinar - bóklegar greinar - íþróttagreinar	Endurskoða hópaskiptingar. Endurskoða viðmiðunarstundatöflu.	Maí-júní 2017	Stjórnendur
	Fjölgun umsjónarkennara	Haust 2017	Stjórnendur
	Hópastærðir	Haust 2017	Stjórnendur
2. Vinnumhverfi			
Könnun	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Kennslurými	Kennslueldhús- ástandsskoðun	Maí-júní 2017	Skólastjórnendur
Stofur inn af bókasafni-loftlausar	Viftur	Maí-júní 2017	Skólastjórnendur

Tæki	Kennarar fá styrk til tölvukaupa	2018	Skólastjórnendur-bæjaryfirvöld
Áhöld	Gera áætlun um endurnýjun	Mai-júní 2017	Skólastjórnendur
Vinnuherbergi	Rífa niður millivegg? Nýta kaffistofu starfsfólks öðruvísi?	Sumar 2017	Skólastjórnendur
Netsamband slæmt	Úttekt á þörf fyrir senda í byggingu -	Sumar 2017	Skólastjórnendur
3. Samskipti			
Könnun	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Rígur á milli starfsfólks	Sælkerakvöld :-)	Reglulega	Skólastjórnendur og allt starfsfólk.
	Fá fyrirlesara - t.d. Eddu Björgvins. eða Ingu sálfræðing.		
4. Álagsþættir			
Könnun	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Vinnuálag	Afleysingakennari í forföll	Vetur 2017-2018	Skólastjórnendur
Skóli án aðgreiningar	Þroskaþjálfari Sérkennari	Vetur 2017-2018	Skólastjórnendur
Undirbúningur kennslu	Með því að ráða þroskaþjálfara og sérkennara, léttir á kennurum	Vetur 2017-2018	Skólastjórnendur
Office 365	Meiri þjálfun og leiðbeiningar	Vor 2017	Skólastjórnendur
Undirbúningur kennslu	Kennarar safna í gagnagrunn og deila verkefnum -sameiginlegt svæði á Office 365	Vetur 2017-18	Skólastjórnendur

Við sem skipuðum hópinn teljum að þessi vinna hafi gengið mjög vel og kennarar voru sáttir við framkvæmdina. Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir kennara tókst framkvæmd vinnumats vel og það er sátt um vinnumatið að mestu leyti. Það kom fram í rýnivíðtölum við kennara að þeim finnst fullmikið af fundum og þeir valda álagi sem auðveldlega mætti komast hjá. Skóla án aðgreiningar virðist fylgja mikið álag og höfðu kennarar ýmsar hugmyndir um hvernig mætti minnka þetta álag. Þessar hugmyndir koma skýrt fram í umbótaáætluninni. Innleiðing Office 365 virtist líka valda álagi og til að draga úr því munu kennarar fá meiri þjálfun og leiðbeiningar. Varðandi starfsumhverfi og vinnuumhverfi kom helst fram að vinnuaðstaða kennara mætti vera betri og rýmri og tölvur hraðvirkari og betri.

Það kom sérstaklega vel út að taka rýnihópaviðtöl við kennara. Kennarar voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og fannst gott að geta komið sínum skoðunum og óskum um umbætur við fulltrúa sveitarfélagsins.

Stykkishólmi 23.05.2017

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Ríkharður Hrafnkelsson
Berglind Axesdóttir
Arna Sædal Andrésdóttir
Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
Steinunn María Þórsdóttir